



## 7. fundur aðalstjórnar Aftureldingar 31. ágúst 2011

### Fundur settur kl. 19:00 að Varmá

Mætt: Anna Sigríður Guðnadóttir, Ásmundur Pálsson, Guðjón Helgason, Hekla Klemenzdóttir, Helga Jóhannsdóttir, Kristín Reynisdóttir og Sævar Kristinsson. Brynjar Jóhannesson framkvæmdastjóri sat fundinn.

Dagskrá:

1. Fundartímar aðalstjórnar
2. Formannafundur
3. Aðalstjórn Afturelding, samskipti og verkefni aðila í aðalstjórn, framkvæmdastjóra og bókara
4. Vetrarstarf Aftureldingar
5. Uppskeruhátíð UMFA
6. Nefndir/ hópa er starfa í umboði UMFA
7. Stefnumótun UMFA
8. Samskipti við Mosfellsbæ
9. Íþróttafulltrúi
10. Tímastjórnun að Varmá og s.k. framkvæmdastjórn að Varmá.
11. Aðstaða Aftureldingar
12. Skráningar, fyrirkomulag og eftirlit
13. Fjármál aðalstjórnar
14. Fjárhagsstaða deilda

1. **Fundartímar aðalstjórnar** ákveðnir á fimmtudögum kl. 18:30 tvisvar í mánuði, 15. september er næsti fundur og þar næst 29. september.
2. **Formannafundur** verða á dagskrá mánaðarlega en í stað formannafundar í september verður haldinn Súpufundur mánudaginn 19. september kl. 18 sbr. lið 4. Fyrirkomulag fundanna var rætt og ákveðið að óska eftir því að deildir félagsins sendi inn þau erindi sem þau vilja ræða á formannafundi viku fyrir fund svo allir geti velt fyrir sér umræddu efni og upplýst umræða fari fram á fundinum. Framkvæmdastjóri mun senda formönnum deilda dagsetningar formannafunda fram að jólum. Til að auka skilvirkni fundanna og skerpa á ábyrgðarhlutverkum innan félagsins óskar aðalstjórn eftir því að einungis formenn mæti á formannafundi eða fulltrúar þeirra í forföllum.
3. **Aðalstjórn**. Farið yfir hlutverkaskiptingu stjórnarmanna skv. samþykkt sem gerð var á fundi aðalstjórnar þann 8. september 2010. Plaggið fylgir fundargerð þessari í útsendingu til formanna. Ákveðið að formaður setji upp Dropbox fyrir aðalstjórn þar sem sameiginleg vinnugögn verða vistuð sem og fundargerðir deilda. Rætt um fyrirkomulag samninga á vegum deilda félagsins og aðalstjórn ítrekar að upplýsingar um alla gerða samninga þurfa að berast aðalstjórn og felur framkvæmdastjóra að sjá til þess að svo verði. Rætt um greiðslu reikninga og hvernig hægt sé að endurskipuleggja starf skrifstofunnar svo skilvirkni aukist. Framkvæmdastjóra, gjaldkera aðalstjórnar og bókara falið að funda um málið og gera

tillögur til aðalstjórnar. Formaður og gjaldkeri munu taka starfsmannaviðtöl við starfsmenn félagsins í september.

4. **Vetrarstarf.** Fyrirkomulag innleiðingar Framtíðarnámsefnisins rætt en mikill áhugi var á að taka þátt í verkefninu á formannafundi 17. ágúst. Ritara aðalstjórnar og framkvæmdastjóra falið að leita til deildanna og kanna hvaða deildir vilja taka þátt í að hrinda verkefninu úr vör. Umræða og afgreiðsla verður á næsta formannafundi, 19. september.  
Dagsetning uppskeruhátíðar ákveðin 8. október.  
Súpufundur með öllum stjórnnum deilda verður haldinn mánudag 19. september kl. 18. Tilgangur er að stjórnarfólk deilda kynnist og m.a. verður stafsemi félagsins og dagskrá vetrarins kynnt. Hver deild fær 5 mínútur til kynningar á stjórn og helstu áherslum í vetrarstarfinu. Framkvæmdastjóri sendir út tilkynningu um súpufundinn strax á morgun.  
Kynningarfundur með Viðari Halldórssyni um námsefnið Framtíðin verður mánudag 10. október kl. 20. Stefnt er að fundi með skólastjórnendum 24. nóvember.
5. **Uppskeruhátíð** verður 8. október. Samkvæmt ákvörðun formannafundar 17. ágúst verður fyrirkomulag verðlauna endurskoðað og þannig skorinn niður kostnaður. Nefndin sem skipuð var á formannafundinum mun skila af sér í næstu viku og kynna tillögur sínar á Súpufundinum 19. september.  
Framkvæmdastjóri sendir út beiðni til deildanna um að skila inn nöfnum þeirra sem hljóta eiga viðurkenningu í næstu viku. Framkvæmdastjóri sér um undirbúning hátíðarinnar og kallar eftir aðstoð eins og þörf krefur. Framkvæmdastjóri kannar strax hvort íþróttahús sé ekki laust fyrir hátíðina.
6. **Nefndir og starfshópar.** Framkvæmdastjóri sendir skipunarbréf til fulltrúa í laganefnd og siðanefnd svo þær geti tekið til starfa. Nefnd um æfingagjöld, sem m.a. á að fjalla um samræmingu launa aðstoðar-þjálfara og þjálfara, millideildaafslætti, endurgreiðslu æfingagjalda o.fl. var stofnuð á formannafundi 17. ágúst síðastliðinn. Nefndina skipa framkvæmdastjóri, gjaldkeri aðalstjórnar, Örn Johnson og Eva Magnúsdóttir. Aðalstjórn óskar eftir því að nefndin ljúki störfum fyrir 19. september.  
Gjaldkeri óskar eftir því að stofnaður verði starfshópur gjaldkera deildanna og aðalstjórnar um rekstraráætlanir, ársreikninga, launakjör og greiðslur til dómara. Aðalstjórn ákvað að óska eftir því að gjaldkerar deilda taki þátt í þessari vinnu og að hópurinn kynni vinnu sína á Súpufundi 19. september. Jafnréttisnefnd er starfandi og fór ritari yfir verkefni hennar. Jafnréttisstefnan verður kynnt á landsfundi jafnréttisnefnda sveitarfélaga þann 10. september næstkomandi.
7. **Stefnumótun.** Rætt um að eftirfylgni skorti og að vinna úr áherslum sem fram komu á formannafundi í nóvember 2010. Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri taka að sér að vinna að málinu og kynna tillögur að næstu skrefum fyrir áramót.
8. **Samskipti við Mosfellsbæ.** Rætt um fyrirkomulag samskiptanna við bæjaryfirvöld og þ.m.t. íþrótt- og tómsbundanefnd. Aðstöðumál félagsins eru komin í algjört óefni og óvissan um framvindu mála stefnir öllu starfi félagsins í hættu. Ákveðið að óska eftir því að aðalstjórn fái fund með bæjarstjórn Mosfellsbæjar hið allra fyrsta til að kynna þá alvarlegu stöðu sem uppi er í aðstöðumálum félagsins og starfsemi. Samþykkt að óska eftir fundi með íþrótt- og tómsbundanefnd sem allra fyrst. Einnig var ákveðið að ljúka fundum með fulltrúum allra stjórnsmálaflokka sem allra fyrst.
9. **Íþróttafulltrúi.** Aðalstjórn ræddi enn á ný þá miklu nauðsyn sem er á að ráða íþróttafulltrúa til félagsins. Engir fjármunir koma frá bænum til að kosta stöðu íþróttafulltrúa en sveitarfélögin í kringum Mosfellsbæ kosta öll stöður íþróttafulltrúa til að efla faglegt starf íþróttafélaganna.
10. Liðum 10 - 14 frestað.

Fundi slitið kl. 22:20 Næsti fundur verður haldinn fimmtudag 15. september kl. 18:30

**Fundargerð ritaði Anna Sigríður Guðnadóttir ritari aðalstjórnar**